

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 169/1989. **Ólafur Árni Halldórsson**

gegn

Árna Margeirssyni,

protabúi Árna Margeirssonar og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst héraðsdómara 19. apríl 1989. Lögmaður sóknaraðila hafði fengið vitneskju um frávísunardóminn 6. sama mánaðar. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur að því er hann varðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu annarra varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Samkvæmt 110. gr., 3. mgr., og 134. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, skal skiptaráðandi kveða upp úrskurð um kröfur á hið stefnda protabúi Árna Margeirssonar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að fella kærumálskostnað niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1989.**I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. febrúar sl. vegna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ólafi Árna Halldórssyni, nnr. 6761-1802, Heiðarbraut 7 D, Keflavík, gegn Árna Margeirssyni, nnr. 0528-7952, Árskógum 17 A, Egilsstöðum, skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu f.h. þrotabús Árna Margeirssonar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 15. desember 1987.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru aðallega þær að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt kr. 1.245.000,00 með [nánar tilteknum vöxtum].... Enn fremur er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur ábyrgur fyrir greiðslu tveggja krafna Sparisjóðsins í Keflavík skv. skiptastefnu, út gefinni 15.1.1986, vegna víxils, kr. 50.000,00, pr. 15.8. 1984, og skv. áskorunarstefnu, út gefinni 16.4. 1985 vegna víxils, kr. 50.000,00, pr. 28.9. 1984, og loks vegna kröfu Útvegsbanka Íslands skv. áskorunarstefnu, út gefinni 20.5. 1985, vegna víxils, kr. 50.000,00, pr. 7.10. 1984.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu eftir gjaldskrá LMFÍ að viðbættum söluskatti af þóknunarlið málskostnaðar.

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Dómkröfur stefnda Árna Margeirssonar eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, en til vara, að einungis verði viðurkenndur hluti af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra eru þessar:

Aðalkrafa: að málinu verði vísað frá dómi, að því er hann varðar.

Fyrsta varakrafa: að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Önnur varakrafa: að hann verði að svo stöddu sýknaður af kröfum stefnanda.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Þriðja varakrafa: að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og að málskostnaður falli niður í því tilviki.

Af hálfu stefnda þrotabús Árna Margeirssonar hefur ekki verið sótt þing í máli þessu.

Málið er til úrlausnar nú um frávísunarkröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

— — —

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til óskiptrar greiðslu á kr. 1.245.000,00 auk vaxta og málskostnaðar á hendur öllum stefndu, en að auki er þess krafist að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur ábyrgur vegna víxilkrafna, að fjárhæð kr. 150.000,00.

Á hendur stefnda Árna Margeirssyni er málshöfðunin á því reist, að hann hafi misnotað firmanafnið Eintak sf. til tjóns fyrir stefnanda, eftir að stefnandi hafði formlega gengið úr félaginu samkvæmt afsali og tilkynningu til firmaskrár, dags. 4. ágúst 1983.

Á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er málsóknin byggð á reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð vegna ætlaðra mistaka firmaskrárritarans í Keflavík.

Á hendur stefnda skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu er málsóknin byggð á því, að bú stefnda sé í gjaldþrotaskiptum.

Ljóst þykir vera, að kröfur stefnanda, annars vegar á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og meðstefndu hins vegar, séu ekki af sömu rót runnar, auk þess sem málatilbúnaður stefnanda á hendur stefnda fjármálaráðherra er vanreifaður að því er varðar hina sérstöku „ábyrgðar-kröfu“ á hendur honum. Samkvæmt þessu ber með vísan til 47. og 88. gr. laga nr. 85/1936 að taka til greina kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um frávísun málsins að því er hann varðar.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr., sbr. 90. gr., skiptalaga, nr. 3/1978, skal bera upp við skiptaráðanda allar kröfur á hendur þrotabúi. Sakaraðild stefnda skiptaráðandans í Suður-Múlasýslu f.h. þrotabús Árna Margeirssonar samrýmist ekki greindum lagafyrirmælum, og ber því með vísan til 68. gr. laga nr. 85/1936 að vísa sjálfkrafa frá dómi kröfum stefnanda á hendur honum.

Framangreind niðurstaða, að því er þrotabúið varðar, þykir eigi skipta máli um persónulega aðild stefnda Árna Margeirssonar að máli þessu, sbr. ákvæði 119. gr. laga nr. 6/1978, og þar sem persónuleg sakaraðild hans hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og réttarhlés.

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnanda, Ólafs Árna Halldórssonar, á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er vísað frá dómi.

Kröfum stefnanda á hendur stefnda skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu f.h. þrotabús Árna Margeirssonar er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.